

Efni athugasemda sem bárust á athugasemdartíma við drögum að matsskýrslu og hvernig tekið var á þeim í matsskýrslu.

Stofnun	Meginefni athugasemda og ábendinga	Hvar tekið var á athugasemdum og ábendingum
Veðurstofa Íslands	Nokkrar ábendingar, leiðréttingar og orðalagsbreytingar.	Kaflar 10.3, 10.4, 20.6.1 og 20.6.2



VEÐURSTOFA
ÍSLANDS

Hönnun hf.
Axel Valur Birgisson
Síðumúla 1
108 Reykjavík

Dags.: 5. apríl 2002

Tilv.: 500/4509

Veðurstofunni hefur borist bréf Hönnunnar dagsett 25. mars 2002, ásamt drögum að matsskýrslu: Stækkun ISAL í Straumsvík – Framleiðsluaukning í allt að 460.000 ton – Mat á umhverfisáhrifum - Mars 2002 .

Nokkrar ábendingar, leiðréttingar og orðalagsbreytingar fara hér á eftir:

10.3, bls 38

Þriðja málsgrein: Vegagerðin starfrækir... Verði : Vegagerðin starfrækir sjálfvirka veðurstöð á Strandarheiði og Veðurstofan annast rekstur sjálfvirkra veðurstöðva í Afstapahrauni og í Hvassahrauni fyrir Flugmálastjórn.

10.3, bls 39

Síðasta málsgrein: Meðalúrkoma er um... verði Meðalúrkoma en um 1070 mm í Keflavík.

10.4, bls 39

Tillaga um texta sem komi í stað fyrstu málsgreinar, sem hefst á setningunni: „Dreifing loftmengunar ræðst einkum af loftslagi og veðurfari“. Málsgreininni þarf að breyta, m.a. vegna þess að loftslag og veðurfar merkir það sama í munni veðurfræðinga og væntanlega þorra Íslendinga. Tillagan fer hér á eftir:

Dreifing loftmengunar frá iðnaði ræðst einkum af vindafari og stöðugleika loftsins. Mengunarefnin berast frá upprunastað sínum með vindinum. Vindáttin ræður því í hvaða stefnu mengunarefnin berast, en vindhraðinn og stöðugleikinn ákvarða hve hratt þau þynnast í andrúmsloftinu. Stöðugleiki loftsins ræðst af breytingu hitastigs með hæð. Stöðugleikinn er ákvarðandi fyrir dreifingu mengunarefnanna þvert á vindstefnuna, bæði lóðrétt og lárétt. Úrkoma hefur líka áhrif á dreifingu mengunarefna þar sem hún skolar mengunarefnum úr loftinu til jarðar.

13.5, bls 67

Í töflu 13.1 efri tala í „samtals“ dálki á að vera 318.000 í stað 261.000

20.6, bls 115

20.6.1 Jarðskjálftar og eldsumbrot

Í annarri málsgrein væri æskilegt að breyta annarri setningu þannig:

Búast má við að jarðskjálftar sem eiga upptök sín á flekaskilunum vestan Kleifarvatns geti orðið allt að 6 stig á Richter, en stærri austan Kleifarvatns eða allt að 6,5.

Og sleppa næstu setningu: „Þessir skjálftar ... tjóni í Straumsvík.“

20.6.2 Fárviðri

Bæta mætti eftirfarandi við greinina:

Rétt er að geta þess að 15. janúar 1942 mældist mesta vindhviða á Reykjavíkurlflugvelli 59.5 m/s í miklu skaðaveðri. Hæsti skráði meðalvindhraði á flugvellinum í því veðri var 39.8 m/s.

Reykjavík, 5. apríl 2002



Hreinn Hjartarson



Flosi Hrafn Sigurðsson